

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 57 (21.6.2022) - Vindorka í Múlaþingi

Málsnúmer : 202111136
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 21.06.2022

Inngangur : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja drög að niðurstöðu verkefnis um greiningu vindorkukosta í Múlaþingi.
Niðurstaða : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja drög að niðurstöðu verkefnis um greiningu vindorkukosta í Múlaþingi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa fyrirbyggjandi drögum til umfjöllunar og umsagna hjá heimastjórnnum Múlaþings. Málið verður tekið fyrir að nýju hjá ráðinu þegar umsagnir liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir (V-lista) lagði fram eftirfarandi bókun:

Að beiðni Múlaþings hefur Efla gert greiningu á vindorkukostum í Múlaþingi. Í niðurstöðum Eflu teljum við ekkert koma fram sem á þessu stigi réttlæti neins konar vinnu sem miðar að undirbúningi vindorkuvera á tilteknum svæðum í sveitarfélaginu. Því er sérstakt áhyggjuefni að sveitarstjórn heimilaði, á fundi sínum 10.11.2021, breytingu á aðalskipulagi í þeim tilgangi að greiða götu Orkusölnnar sem áformar að reisa tilraunamöstur við Lagarfossvirkjun. Það er nærri miðju Fljótsdalshéraðs, blómlegu landbúnaðarsvæði og vettvangi vaxandi ferðamennsku og útivistar. Því lýsum við, fulltrúar VG, algjörri andstöðu við þau áform og öll önnur áform um vindorkuver á tilteknum svæðum í Múlaþingi, á meðan íbúum hefur ekki verið gefinn kostur á að tjá sig og ekki liggur fyrir samþykkt heildarmat á því hvar vindorkuverum megi mögulega koma fyrir í sveitarfélaginu. Með því tókum við undir með fulltrúa VG á fundi ráðsins 03.11. 2021 og með fulltrúa VG á fundi sveitarstjórnar 10.11.2021.